

# Áhrif offitumeðferðar, atferlismeðferð og magahjáveituaðgerð, á félagslega líðan fólks með alvarlega offitu.

Marianna Þórðardóttir(1,2), Charlotte Dahl(2), Benjamin Gilbert-Jespersen(2),  
Olga Björk Guðmundsdóttir(1), Ludvig Guðmundsson(1)  
1 Reykjalundur, offitusvið, 2 Suhrs Metropolitan University College, SMUC,  
Kaupmannahöfn

## Inngangur

Offita er alvarlegt alþjóðlegt heilbrigðisvandamál og hefur tíðni offitu aukist til muna hjá fullorðnum og börnum undanfarna þrjá áratugi. Samkvæmt nýjustu tölum frá skýrslu Lýðheilsustöðvar frá 2007, þá reyndust 47,7% íslenskra karla og 32,2% íslenskra kvenna í ofþyngd. Auk þess var hlutfall þeirra sem þjáðust af offitu 18,9% karla og 21,3% kvenna. Offita hefur 2,4 faldast frá 1990.

Helstu afleiðingar offitu eru sykursýki, hjarta- og æðasjúkdómar, kæfisvefn, ýmsar tegundir krabbameins, stoðkerfisverkir/slitgigt, vélindabakflæði og margir fleiri líkamlegir kvillar. Auk þess veldur offita margvíslegum sálrænum og félagslegum vandamála. Lífsgæði of feitra eru því verulega skert.

Á Reykjalundi hefur verið starfandi sjálfstætt næringar- og offituteymi frá árinu 2001. Helsta verkefni þess hefur verið meðferð alvarlegrar offitu og er sú meðferð byggð upp sem atferlismótandi meðferð þar sem fólk með alvarleg offituvandamál eru aðstoðað við að endurskipuleggja lífshætti sína með það fyrir augum að léttast, bæta heilsu, auka virkni og bæta lífsgæði. Meðferðin er skipulögð sem þverfagleg, kaflaskipt langtímameðferð, sem að hluta fer fram í hópum. Hún nær alls yfir þrjú til fjórum og hálfmána tímabil. Hluti sjúklinganna fer jafnframt í magahjáveituaðgerð á meðferðartímanum. Meðferðin hefst með göngudeildarstuðningi sem oftast stendur 4-8 mánuði. Síðan tekur við meðferð á dagdeild, skipt í tvö tímabil með hálfmána millibili 5 vikur fyrra tímabil og þrjú vikur það seinna. Síðan er eftirfylgd í tvö ár, 6 komur alls.

## Tilgangur

Í þessari rannsókn, sem er diplomaverkefni Maríönnu Þórðardóttur við SMUC, í námi í lifestyle coaching and fitness management, er kannað hvaða breytingar hafa orðið á þyngd og offitutengdum lífsgæðum samkvæmt lífsgæðakvarða, Obesity related problem scale, HRQL-OP-kvarða, frá fyrstu komu á göngudeild til eins árs eftirfylgdar eftir að seinna dagdeildartímabili lauk. Einnig er kannað hvaða áhrif magahjáveituaðgerð hefur að þessu leiti. Rannsóknin nær til takmarkaðs fjölda sjúklinga og þarf því að skoðast sem svokölluð pilot rannsókn.

## Niðurstöður

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar sýna að lífsgæði sjúklinga hafa batnað verulega einu ári eftir að virkum meðferðarluta er lokið. Batinn er umtalsvert meiri hjá þeim sem hafa farið í magahjáveituaðgerð og náð að léttast meira en hjá þeim sem ekki fóru í aðgerð. Sterk fylgni er milli þyngdartaps og bættra lífsgæða, en skýrist þó ekki eingöngu af þyngdartapinu.